



Borgarráð

**Viðauki við fjárhagsáætlun 2023****1. Tilfærsla á fjármagni milli ára – fjölgun sérfræðinga**

Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs hækki um 77.109 þ.kr. til að fjölga tímabundið sérfræðingum til að vinna úr áhrifum covid-19 á börn og unglunga. Náðst hefur að nýta 62,9 m.kr. af fjárheimildinni frá upphafi verkefnisins en um er að ræða tímabundin stöðugildi, námskeiðahald og aðkeypta vinnu sem þörf er á að nýta áfram á næsta ári.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-77.109
VEL	xxx	Tímabundin fjölgun sérfræðinga	Til	77.109
<b>Samtals</b>				<b>0</b>

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun.

**Greinargerð:**

Áætlað var að verkefninu myndi ljúka fyrr en vegna skorts á sérfræðingum í þessum fagstéttum hefur ekki tekist að fækka á biðlistum eins fljótt og áætlað var. Sem dæmi voru nýlega tæp 3 stöðugildi sálfræðinga laus á einni miðstöðinni, þar sem ekki hefur tekist að ráða inn. Enn er mikil eftirspurn eftir skólalþjónustu frá miðstöðvunum eins og undanfarin ár, vegna m.a. aukins málþroska- og/eða tilfinningavanda barna og ungmenna. Erindum milli áranna 2020 og 2021, sem berast miðstöðvum, fjölgaði um 52% til sálfræðinga og 66% til talmeinafræðinga samkvæmt úttekt frá deild gæða og árangursmats velferðarsviðs. Ástæður aukningar má m.a. rekja til eftirkasta vegna nýyfirastaðins heimsfaraldurs, mikillar aukningu í fjölda barna sem koma til landsins gegnum umsækjendur um alþjóðlega vernd eða flóttafólk og innleiðingar nýrra farsældarlaga. Áætlað var að 140 m.kr. fjárheimild myndi duga til að veita allt að 650 börnum þjónustu en í byrjun þessa árs var búið að mæta þörfum um 470 barna. Því er afar mikilvægt að halda verkefninu áfram og koma áfram með fjölbreyttum hætti til móts við þau börn sem bíða þjónustu til að ná markmiðum um fækkun barna og unglunga á biðlistum. Það er útilokað að hægt verði að vinna biðlista niður miðað við áframhaldandi þjónustuþörf án þess að áfram verði hægt að reiða sig á fjármagn m.a til aðkeyptrar vinnu, til viðbótar þeirri þjónustu sem veitt er af miðstöðvum.

## 2. Bleikargróf – breytingar á leigugreiðslum

Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs hækki um 25.500 þ.kr. vegna breytinga á leigugreiðslum við Bleikargróf 6. Kostnaðaraukinn verður fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-25.500
VEL	F4335	Heimili fyrir börn Bleikargróf 6	Til	25.500
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun.

### **Greinargerð:**

Við Bleikugróf 6 var áður rekinn íbúðakjarni sem fluttist í Stjörnugróf en samhliða þeim flutningi þá flutti einnig fjárheimildin í samræmi við breytta innri leigu og umfram fjárheimild var tekin úr ramma velferðarsviðs. Hins vegar fluttist starfsemi úr Þingvaði yfir í Bleikugróf 6 og um leið var fyrirkomulaginu breytt þannig að í stað innri leigu þá rukka Félagsbústaðir nú leiguna. Heimilið er ekki lengur að leigja eitt hús heldur 4 íbúðir sem gerir það að verkum að leigan hefur hækkað. Kostnaðarmat Velferðarsviðs fyrir breytingunni gerði ráð fyrir flutningi fjármagns vegna húsaleigu frá Stjörnugróf á Bleikugróf (þ.e. að innri leiga myndi halda sér) en sú varð ekki raunin þar sem innri leigan var tekin út ásamt fjármagninu en húsaleiga Félagsbústaða kom í staðinn án þess að henni fylgdi fjármagn. Því óskar sviðið eftir að fjárheimildir verði hækkaðar um 25.500 þ.kr. fyrir árið 2023.

## 3. Rökkvatjörn – betri vinnutími

Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs hækki um 9.600 þ.kr. vegna betri vinnutíma. Kostnaðaraukinn verður fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-9.600
VEL	F4349	Rökkvatjörn - betri vinnutími	Til	9.600
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun.

### **Greinargerð:**

Í byrjun árs 2022 var íbúðarkjarninn Rökkvatjörn opnaður, en kjarninn er hluti af uppbyggingaráætlun. Fjárheimildin vegna Rökkvatjörn var tekin frá miðlægt í fjárhagsáætlun 2021 og aftur 2022 þar sem að verkið tafðist til ársbyrjunar 2022. Ekki var tekið tillit til nýrra útreikninga vegna betri vinnutíma í upphaflegri áætlun en heildarkostnaður fyrir árið 2022 er 9.600 þ.kr. og óskar sviðið eftir því að þeim verði bættur þann kostnaður fyrir árið 2023.

#### 4. NPA samningar – breytingar á kjarasamningum

Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs hækki um 168.402 þ.kr. vegna breytinga á kjarasamningum NPA miðstöðvarinnar við Eflingu stéttarfélag. Kostnaðaraukinn verður fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -168.402
VEL	xxx	Kjarasamningsbundnar hækkanir - NPA	Til 168.402
<b>Samtals</b>			<b>0</b>

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun.

#### **Greinargerð:**

Velferðarsvið hefur óskað eftir auknum fjárheimildum til að standa straum af kostnaði vegna kjarabóta umfram það sem þegar hefur verið fjármagnað í ramma sviðsins vegna breytinga á kjarasamningum NPA miðstöðvarinnar við Eflingu stéttarfélag. Um er að ræða bætingu fyrir allt árið 2023 ásamt nóvember og desember 2022. Ekki er um ræða nýja samninga, eingöngu þá notendur sem nú þegar eru að nýta þjónustuna. Búið er að draga frá hlut ríkisins og því eru upphæðir sem hér koma fram eingöngu hlutur borgarinnar. Mánaðarlegur kostnaðarauki er 12.029 þ.kr.

#### 5. Endurmat starfa

Lagt er til að fjárheimildir fagsviða hækki um 47.235 þ.kr. vegna endurmats á störfum. Kostnaðaraukinn verður fjármagnaður af kostn.st. 09126, launa- og starfsmannakostnaður.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09126	Launa- og starfsmannakostnaður	Frá -47.235
SFS	xxx	Endurmat starfa	Til 25.563
MÍR	xxx	Endurmat starfa	Til 13.129
VEL	xxx	Endurmat starfa	Til 8.544
<b>Samtals</b>			<b>0</b>

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun.

#### **Greinargerð:**

Starfsmatið varðar ýmis stöðugildi á sviðum, en störf þessi hafa verið samþykkt á fundum starfsmatsnefndar á árinu 2023. Gildistími á afturvirkni er skv. reglum starfsmats og er frá og með þeim tíma sem beiðni um endurmat barst þeim. Gert er ráð fyrir afturvirkni ásamt fjárhæð í ramma fyrir 2023 í þessum upphæðum.

#### 6. Kjarasamningsbundnar hækkanir

Lagt er til að fjárheimildir fagsviða hækki um 279.344 þ.kr. vegna kjarasamningsbundna hækkana. Á sama tíma er lagt til að tekjuáætlun Reykjavíkurborgar vegna ársins 2023 verði endurskoðuð til hækkunar um 279.344 þ.kr. vegna endurskoðunar á áætluðum útsvarstekjum. Tekjuauki verði nýttur til greiðslu kjarasamningsbundinna hækkana.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
SKATT	xxx	Skatttekjur	Frá -279.344
ES	xxx	Kjarasamningsbundnar hækkánir	Til 1.033
FAS	xxx	Kjarasamningsbundnar hækkánir	Til 29.091
MÍR	xxx	Kjarasamningsbundnar hækkánir	Til 24.538
MAR	xxx	Kjarasamningsbundnar hækkánir	Til 5.542
MOS	xxx	Kjarasamningsbundnar hækkánir	Til 9.495
SFS	xxx	Kjarasamningsbundnar hækkánir	Til 52.014
ÞON	xxx	Kjarasamningsbundnar hækkánir	Til 69.990
USKRK	xxx	Kjarasamningsbundnar hækkánir	Til 16.977
USKES	xxx	Kjarasamningsbundnar hækkánir	Til 508
SBB	xxx	Kjarasamningsbundnar hækkánir	Til 15.894
SBS	xxx	Kjarasamningsbundnar hækkánir	Til 2.637
END	xxx	Kjarasamningsbundnar hækkánir	Til 8.384
BLÖ	xxx	Kjarasamningsbundnar hækkánir	Til 6.729
RHSES	xxx	Kjarasamningsbundnar hækkánir	Til 4.417
ONN	xxx	Kjarasamningsbundnar hækkánir	Til 515
VEL	xxx	Kjarasamningsbundnar hækkánir	Til 31.581
<b>Samtals</b>			<b>0</b>

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun.

#### **Greinargerð:**

Um er að ræða breytingar á kjarasamningum við BHM sem tóku gildi 01. apríl 2023. Launahækkánir vegna kjarasamninga ársins 2023 hafa haft jákvæð áhrif á útsvarstekjur Reykjavíkurborgar enda var samið um mun hærri hækkánir en launaforsendur fjárhagsáætlunar. Gert er ráð fyrir að viðaukinn verði fjármagnaður með endurskoðaðri útsvarstekjuspá og hefur tillagan því engin áhrif á áætlaða rekstrarniðurstöðu A-hluta eða áætlað handbært fé í árslok 2023.

Sundurliðun á útsvarstekjum	Gild áætlun 2023	Esk. áætlun 2023	Breyting
Staðgreiðsla útsvars án eftirá álagningar (14,74%)	115.011.989	115.334.679	322.690
Hlutdeild Jöfnunarsjóðs í staðgreiðslu v. grunnskóla (0,77%)	-6.008.089	-6.024.946	-16.857
Hlutdeild Jöfnunarsjóðs í staðgreiðslu v. málefna fatlaðs fólks (1,21%)	-9.441.283	-9.467.772	-26.489
Eftirá álagning útsvars vegna fyrri ára	3.500.000	3.500.000	0
<b>Nettó útsvarstekjur</b>	<b>103.062.617</b>	<b>103.341.961</b>	<b>279.344</b>

#### **Kjarasamningsbundnar hækkánir**

Lagt er til að fjárheimildir fagsviða hækki um 118.010 þ.kr. vegna kjarasamningsbundna hækkána. Kostnaðaraukinn verður fjármagnaður af kostn.st. 09126, launa- og starfsmannakostnaður.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09126	Launa- og starfsmannakostnaður	Frá -118.010
SFS	xxx	Kjarasamningsbundnar hækkánir	Til 117.487
RHS	xxx	Kjarasamningsbundnar hækkánir	Til 0
VEL	xxx	Kjarasamningsbundnar hækkánir	Til 522
<b>Samtals</b>			<b>0</b>

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun.

**Greinargerð:**

Um er að ræða breytingar á kjarasamningum stjórnendafélaga í grunn- og leikskólum. (SÍ & FSL) sem taka gildi 01. október 2023.

**7. Kjaranefndarraðaðir stjórnendur – hækkun launa**

Lagt er til að fjárheimildir fagsviða og miðlægrar stjórnarsýslu hækki um 51.198 þ.kr. vegna ákvörðunar kjaranefndar Reykjavíkurborgar frá 01. febrúar 2023 um kjör þeirra stjórnenda sem undir hana heyra. endurmats á störfum. Kostnaðaraukinn verður fjármagnaður af kostn.st. 09126, launa- og starfsmannakostnaður. Fjármála- og áhættustýringarsviði verði falin útfærsla á svið og starfseiningar.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09126	Launa- og starfsm.kostnaður	Frá	-51.198
xxx	xxx	Kjaranefndarraðaðir stjórnendur-hækkun launa	Til	51.198
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun.

**Greinargerð:**

Kjaranefnd Reykjavíkurborgar er sjálfstæð stjórnarsýslunefnd sem ákvarðar um kjör stjórnenda sem eru ekki í stéttarfélögum. Kjaranefnd hefur ákvarðað um hækkun launatöflu um 1% frá 1. júlí 2022 og um 3,2% 1. janúar 2023, ákvörðun nr. 1/2023. Um er að ræða afturvirka hækkun f. o. m. 1. júlí 2022 ásamt hækkun fyrir árið 2023.

Dagur B. Eggertsson  
borgarstjóri